

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar, svæði A í landi Ketilvalla í Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 12. janúar 1999 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar, svæði A í landi Ketilvalla í Laugardalshreppi. Svæðið er norðan þjóðvegur nr. 37 og liggur að Skillandsá.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. apríl 1999.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

26. apríl 1999

Nr. 291

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Bakkabraut 9, 11 og 13 í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 1. október 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Bakkabraut 9, 11 og 13. Í breytingunni felst að lóðirnar 9, 11, og 13 eru sameinaðar og gert er ráð fyrir að ein bygging rísi á lóðinni.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 10. ágúst til 11. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 26. apríl 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

26. apríl 1999

Nr. 292

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Bæjarlindina nr. 2 í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 4. febrúar 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Bæjarlindina nr. 2. Í breytingunni felst að í stað tveggja hæða húss á lóðinni verði byggt þriggja hæða hús auk kjallara, byggingarreitur verði 20 × 30 metrar í stað 22 × 22 metrar, bílastæðum fjölgar og lóð stækkar í austur og suður.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 14. desember 1998 til 19. janúar 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 26. apríl 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.